

SOS BARNAPORPIN



**SOS
BARNAPORPIN**

Öll börn vilja gott heimili

FRÉTTABLAÐ 3. TBL. 21. ÁRG. 2015

SOS & FLÓTTABÖRNIN

Um 100 flóttabörn sem komu til Austurríkis án foreldra hafa nú eignast nýtt heimili í SOS Barnaþorpum þar í landi. Um er að ræða flóttabörn sem koma eins síns liðs til Evrópu en þau er meðal annars frá Sýrlandi, Afganistan og Íran.

„Þetta snýst ekki um að gefa þessum börnum þak yfir höfuðið. Hér fá þau tækifæri á eðlilegri barnæsku. Þau eignast fjölskyldu og mæta í skóla,“ segir Clemens Klingan, fulltrúi SOS Barnaþorpanna í Austurríki.

Þá hafa SOS Barnaþorpin einnig gefið ungu fólki á flótta, þ.e. ungmennum á aldrinum 17-21 árs, heimili á SOS ungmennaheimilum í Austurríki. Fleiri ungmennaheimili verða sett á laggirnar á næstu mánuðum þar sem ungir flóttamenn eignast ný heimili.

Ásamt því að gefa flóttabörnum ný heimili sinna SOS Barnaþorpin neyðaraðstoð fyrir flóttafólk í Sýrlandi, Líbanon, Grikklandi, Ítalíu, Serbíu, Makedóníu, Ungverjalandi, Armeníu, Austurríki, Króatíu, Jórdaníu og Þýskalandi. Megin áhersla samtakanna, eins og áður, er aðstoð við börn.



FRÁ FRAMKVÆMDASTJÓRA

Hvað finnst þér?

Á þessu ári hafa um 20.000 Íslendingar lagt hjálparstarfi SOS Barnaþorpanna lið með yfir 400 milljónum króna. Þetta er stór hópur af fólki sem vill gera heiminn betri og miklir fjármunir sem nýtast þeim sem minnst mega sín, börnum í neyð.

Og það er ótrúlega gefandi að sjá árangur þessa stuðnings. Þúsundir barna fá að njóta góðrar æsku við gott atlæti vegna ykkar aðkomu. Vonleysi viku fyrir von. Ljósíð sigrar myrkrið.

Það er líka gefandi að fá hvatningu og hlý orð frá ykkur – styrktaraðilunum. Og við fáum mikið af þakklæti og hóli – kærar þakkir fyrir það. En stundum fáum við athugasemdir og ábendingar, jafnvel kvartanir. Það er nefnilega þannig að þó svo að málstaðurinn sé frábær, aðferðafræði samtakanna með því betra sem gerist og árangurinn magnaður, þá erum við ekki fullkomin. Við getum alltaf gert betur!

En hvað finnst þér?

Hvað gerum við vel?

Hvað getum við gert betur?

Við hjá SOS Barnaþorpunum viljum vera í góðu sambandi við styrktaraðila okkar og viljum gjarnan heyra frá þér, hvort sem þú vilt hrósa okkur fyrir eitthvað eða benda á hvað betur megi fara.

Þú ert nefnilega hluti af okkur og þín skoðun er mikilvæg.

Hægt er að hringja í okkur á skrifstofutíma í **564 2910**, senda tölvupóst á mig ragnar@sos.is eða senda okkur skilaboð á Facebook síðu samtakanna: www.facebook.com/sos.barnathorpin (veljið skilaboðahnappinn undir stóru myndinni efst á síðunni).

Að lokum vil ég þakka fyrir þinn ómetanlega stuðning við börnin á árinu 2015 og óska þér og þínum gleðilegrar hátíðar og farsældar á nýju ári.

Við hlökkum til að vinna áfram með þér að bættum heimi á árinu 2016.

Ragnar Schram



Útgefandi: SOS Barnaþorpin á Íslandi
Ábyrgðarmaður: Ragnar Schram
Ritstjóri: Sunna Stefánsdóttir
Heimilisfang: SOS Barnaþorpin
Hamraborg 1 | 200 Kópavogi
Sími: 564 2910
sos@sos.is | www.sos.is
Umbrot: Hype Markaðsstofa
Prentun: Oddi
Prófarkalestur:
Ragnar Ingi Aðalsteinsson
Forsíðumynd: Mynd af stúlku í SOS Barnaþorpinu í Vontovorona í Madagaskar.

BARNAPÖRP

FYRIR BÖRN MEÐ SÉRÞARFIR

SOS Barnaþorpið í Khajuri Kalan er staðsett miðsvæðis á Indlandi rétt fyrir utan borgina Bhopal sem er hvað þekktust fyrir sprengingu í efnaverksmiðju árið 1984 sem olli gasleka. Fjöldi fólks fékk gaseitrun í kjölfarið en tæplega fjögur þúsund manns létust úr eitruninni og 500 þúsund borgarar slösuðust eða veiktust alvarlega.

SOS Barnaþorpið í Khajuri Kalan var sett á laggirnar árið 2004 en þar búa einungis börn með sérþarfir. 107 börn búa í þorpinu ásamt SOS mæðrum/feðrum og starfsfólki. Einnig starfa þar sérfræðingar á borð við þroskaþjálfara, sjúkraþjálfara og iðjuþjálfara. Starfið er einstaklingsmiðað og markmiðið er að hvert og eitt barn geti lifað eins sjálfstæðu lífi og mögulegt er í framtíðinni.

Lilian George er starfsmaður þorpsins og segir það vera forréttindi að vinna með börnunum í Khajuri Kalan. „Hér upplifir maður einstakar tilfinningar, gleði, stolt og sorg. Börnin eru með afar mismunandi þarfir en hér eru börn með lömum, þroskaskerðingu, heyrnar- og sjónleysi ásamt fjölfötlun.

Sum barnanna í þorpinu ganga í skóla með ófötluðum börnum á meðan þau sem eru með meiri fötlun fá sérkennslu. Börnin sem fara í skóla eru öll gífurlega ánægð og njóta skólavallarinnar. Þar fá þau tækifæri til að taka þátt í fjölbreyttum tímstundum og kynnast börnum sem ekki eru með sérþarfir. Lilian segir hins vegar að vel þurfi að gæta að börnin fari sér ekki að voða. „Til að mynda var lítil stúlka í þorpinu sem hafði séð vini sína í skólanum hjóla

heim og langaði því skiljanlega líka til að hjóla. Hún hafði hins vegar ekki getu til að hjóla og því var mjög erfitt fyrir okkur að neita henni um það.“

Vandamálið var þó leyst á skemmtilegan hátt. „Við keyptum hjólakerru sem hægt var að festa aftan á hjólið og spurðum vini hennar hvort þeir vildu hjóla með hana heim eftir skóla. Það var lítið mál og stúlkan var ótrúlega ánægð með fyrirkomulagið. Þarna vorum við minnt á það að þessi börn geta svo sannarlega gert allt sem þau vilja, þó svo að það sé ekki alltaf eins og þau sáu það fyrir sér fyrst um sinn. Við getum mikið lært af börnunum í þorpinu,“ segir Lilian og brosir.



” MÉR LÍÐUR EINS
OG FRJÁLSRI OG
STERKRI KONU “



SKJÓLVINAFRÉTTIR

Aba er fertug ekkja sem býr í Bissá, höfuðborg Gíneu-Bissá. Hún býr ásamt þremur börnum sínum og einu barnabarni sem eru á aldrinum tveggja til fimmtán ára.

Eiginmaður Öbu lést í byrjun árs 2013 eftir langvinn veikindi en hún sjálf var á þeim tíma atvinnulaus. Fátækt fjölskyldunnar gerði það að verkum að börnin voru ekki í skóla og höfðu engan aðgang að heilbrigðisþjónustu. Tekjur fjölskyldunnar voru litlar sem engar og hún flakkaði á milli athvarfa þar sem þau höfðu ekki efni á leiguhúsnæði. Eftir fráfall fjölskylduföðurins bjó fjölskyldan mestmegnis á götunni þar til dag einn að maður kom að máli við Öbu en sá hafði orðið var við slæmar aðstæður barnanna. Hann bauðst til að lána þeim hús sitt sem var þó enn í byggingu. Engar hurðir né gluggar voru á húsinu og engin húsgögn.

Fjölskyldan þurfti því að sofa á gólfinu en Aba tók boðinu þar sem um þak yfir höfuðið var að ræða. Hún ákvað þó á þeim tímamarki að snúa lífi sínu við.

Aba hóf að ganga á milli markaða í hverfinu með því markmiði að útvega sér vinnu. Það gekk illa en hún náði þó að skrapa saman smá pening. Þannig gat hún gefið börnunum að borða einu sinni á dag en áður var það ekki einu sinni möguleiki.

Á svipuðum tíma fengu SOS Barnaþorpin ábendingu um stöðu fjölskyldunnar og stuttu síðar, eða í lok árs 2013, kom fjölskyldan inn í fjölskyldueflingarverkefni SOS í Bissá. Börnin voru öll send í skóla og fengu viðeigandi heilbrigðis- og mataraðstoð ásamt því að dýnum var komið fyrir í húsinu. Þá fengu fjölskyldumeðlimir fræðslu um hreinlæti

og réttindi barna ásamt því að Aba sótti námskeið í rekstri smærri fyrirtækja. Hún hóf að framleiða eigin vörur í höndunum og selja þær á mörkuðum.

Í stuttu máli sagt hefur líf Öbu og fjölskyldunnar umturnast á síðustu tveimur árum. Rekstur hennar gengur vonum frammar og hún vonast til að geta aukið fjölbreytni varningsins sem hún selur en hún bæði saumar föt og ræktar grænmeti. Hún hefur borgað til baka vaxtalauslausa örlánið sem hún fékk frá SOS fyrir tveimur árum og nær einnig að leggja fyrir mánaðarlega upphæð þar sem hún stefnir á að fjárfesta í eigin húsnæði. Börnunum líður vel og sjálfstraust þeirra allra eykst með hverjum deginum. „SOS bjargaði lífi mínu. Í dag rek ég mitt eigið fyrirtæki og stefni á að verða fjárhagslega sjálfstæð innan skamms. Mér líður eins og frjálsri og sterkri konu,“ segir Aba stolt.



SOS Barnaþorpin á Íslandi sjá alfarið um Fjölskyldueflingu SOS í höfuðborg Gíneu Bissá en það er fjármagnað af utanríkisráðuneyti Íslands og Skjólvinum. Verkefnið miðar að því að hjálpa sárafátækum einstæðum foreldrum og forráðamönnum til fjárhagslegs sjálfstæðis þannig að þeir geti mætt þörfum barna sinna án utanaðkomandi aðstoðar. Verkefnið hófst í lok sumars 2012 og náði þá til 59 fjölskyldna, þar af 200 barna. Í dag hefur skjólstæðingum fjölgað töluvert en verkefnið nær nú til 100 fjölskyldna og þar af um 400 barna.

Lykillinn að árangri er sá að fjölskyldurnar séu tilbúnar að leggja eitthvað á sig sjálfar en ekki aðeins þiggja það sem að þeim er rétt. Verkefnið hefur í heildina gengið mjög vel. Flestar fjölskyldurnar hafa staðið sig vel og náð þeim markmiðum sem þær settu sér en áætlað er að verkefnið standi yfir til ársloka 2016.

**SKJÓLVINIR GERA OKKUR KLEIFT
AÐ SEGJA SVONA SÖGUR**

Vandamálin breyst í Austur-Úkraníu



Tatyana Fedotova starfar sem sálfræðingur hjá SOS Barnaþorpinum í Austur-Úkraínu og sérhæfir sig í aðstoð við flóttafólk, þ.e. fjölskyldur og börn sem þurft hafa að flýja heimili sín vegna stríðsátaka.

Tatyana starfar í dag með yfir 100 börnum og 20 foreldrum ásamt því að ganga inn í meðferðir annarra einstaklinga þegar þörf er á. „Við vinnum bæði í hópum og í einstaklingsviðtölum þar sem vandamálin eru mismunandi. Það þarf að vinna með börnum á annan hátt en fullorðnum og sá sem er kvíðinn þarf öðruvísi aðstoð en sá sem er árásargjarn. Þó eiga flestir það sameiginlegt að vandamálin eru að mestu tilkomin vegna stríðsátaka,“ segir Tatyana.

En hver eru helstu vandamálin hjá flóttabörnum í Austur-Úkraínu í dag?

Kvíði, hræðsla og öryggisleysi eru algeng vandamál ásamt því að vera mjög hrædd um foreldra sína. Sum börn vilja jafnvel ekki sleppa foreldrum sínum úr augsýn því þau eru hrædd um að missa þá eða týna þeim. Oft eiga foreldrarnir líka mikinn þátt í að viðhalda andlegum vandálum hjá börnum sínum. Ef foreldrarnir þjást sjálfir t.d. af kvíða eða ofsahræðslu yfirfærast það oft á börnin. Þess vegna þurfum við oft að hjálpa fjölskyldunum saman en ekki einungis einstaklingum innan fjölskyldnanna.





Nú hefur þú starfað sem sálfræðingur í Austur-Úkraínu í fimmtán ár. Hvernig hafa vandamálin hjá börnunum á svæðinu breyst frá því fyrir t.d. tíu árum?

Gildin hjá fólkinu í landinu hafa breyst síðustu ár. Fyrir tíu árum voru þarfinnar efnislegar og gildin sömuleiðis. Þá var mikilvægt að eiga stærra heimili, flottari bíl og meiri pening. Í dag snúast gildin frekar um ást, umhyggju og fjölskyldubönd. Fólk er hlýrra en áður. Það sýnir náunganum meiri umhyggju og hugsar betur um fjölskyldumeðlimi.

Fyrir tíu árum hugsaði fólk ekkert um frið, landið var friðsælt og enginn þurfti að hugsa sérstaklega um það. Í dag er friður það eina sem fólk hugsar um og óskar sér.

Börn í dag eru líka öðruvísi en börn fyrir tíu árum. Vegna stríðsátaka þá haga þau sér ekki eins og börn. Þau neyðast til að þroskast fyrr og ef þau eru spurð um hvað þau myndu vilja helst af öllu, biðja þau um frið, að fá pabba heim, að mömmu líði betur eða fá að sofa í rúmi. Stríðið hefur rænt barnæsku þeirra.

Er eitthvert atvik á ferlinum sem hefur haft sérstök áhrif á þig?

Þó það séu ansi mörg atvik sem hafa haft áhrif á mig, bæði góð og slæm, er eitt sem stendur upp úr. Ég var með tvö börn í meðferð, systkini sem

þurftu að flýja heimili sitt í Lugansk en faðir þeirra var myrtur þar. Stúlkan var fjórtán ára og drengurinn átta ára og áttu þau bæði við ýmis vandamál að stríða, t.d. kvíða, ofsahræðslu og svefnleysi.

Móðir þeirra var afar heilsulítill og greindist svo með krabbamein. Það tók mikið á börnin og þegar hún svo dó urðu þau fyrir miklu áfalli. Þá var nauðsynlegt að grípa strax inn í og vera til staðar fyrir þau. Það tókst og stuttu síðar voru þau ættleidd inn í dásamlega fjölskyldu. Ég fylgdi þeim í ferlinu og sleppti takinu ekki af þeim fyrr en þau voru fullkomlega sátt í nýjum aðstæðum og búin að sættast við fortíðina. Ég er enn í sambandi við þau í dag og get með stolti sagt að þeim líður vel og njóta lífsins.

Er starfið erfitt?

Já, auðvitað getur það verið erfitt. Það er mjög erfitt að horfa í augun á ungum börnum sem misst hafa foreldra sína og heimili. Hins vegar er starfið mitt líka gríðarlega áhugavert þar sem ég fæ tækifæri til að hjálpa þessum börnum. Ég næ árangri og dagarnir þjóta áfram. Þá vinn ég með frábæru fólki sem gerir starfið skemmtilegt ásamt því að eiga góða fjölskyldu sem styður mig.

Hvaða aðferðir notarðu þegar þú vinnur með börnum?

Við notum margar mismunandi aðferðir. Með yngstu börnunum notum við oft svokallaða listameðferð og ævintýrameðferð (börnin tjá sig í gegnum teikningar eða ævintýri) en einnig notumst við mikið við hugræna atferlismeðferð þar sem börnin læra á hugsanir sínar, hugsa um hvar þau sjá sjálf sig í dag og í framtíðinni. Í vinnu með börnum þarf maður að aðlagja sig og sínar aðferðir að hverju og einu barni.



Ekki standa allar óskir Önnu
og Sigurðar skrifaðar í skýin.

Þess vegna gerðu þau
erfðaskrá.



**SOS
BARNAPORPIN**

Öll börn vilja gott heimili

Fjöldi umkomlausra barna hefur fengið nýtt líf og nýja von vegna erfðagjafa frá stuðningsaðilum SOS Barnaporpanna.

Starfsfólk SOS veitir nánari upplýsingar í síma 564 2910.



ÓLST UPP Á SJÚKRAHÚSI

Algengt er að börn séu yfirgefin í Kenía. Nánast á hverjum degi má sjá blaðgreinar um ungabörn sem finnast í ruslagámum, á spítölum, almenningsalernum eða rútustöðum. Engar nákvæmar tölur hafa verið gefnar upp en vandamálið virðist vera gríðarlegt og talið er að helstu ástæðurnar fyrir því séu fátækt og fjölskylduerjur.

SOS Barnþorpin gefa mörgum þessara barna ný heimili. „Það eru margar ástæður fyrir því af hverju SOS Barnþorpin eru starfandi í Kenía en ein þeirra er sú að alltof mörg börn eru munaðarlaus í landinu,“ segir Fredrick Ochieng, framkvæmdastjóri SOS Barnþorpsins í Nairobi í Kenía. Í því þorpi búa 156 börn, þar af 40 sem fundust yfirgefin stuttu eftir fæðingu.

Moses er 22 ára gamall og var yfirgefinn á spítala í Vestur-Kenía, nokkrum dögum eftir fæðingu.

”

Mamma fór bara, hún var víst bara 19 ára og þurfti að borga sjúkrahússreikninginn ef hún ætlaði að útskrifast og fara heim. Hún sagðist þá ætla að skjótast og sækja pening en kom aldrei aftur.

“

Fannst skrítið að kona gæti ráðið öllu

Hjúkrunarfræðingur einn á spítalanum gaf litla drengnum nafnið Moses, sótti vöggu þar sem hann gat sofíð og starfsfólk spítalans skiptist svo á að sinna honum. Dagarnir urðu að vikum, vikur að mánuðum og mánuðirnir að árum. Moses dvaldi á sjúkrahúsinu í sjö ár.

„Ég átti heima á sjúkrahúsinu fyrstu sjö ár lífs míns. Ég lék mér á göngunum og borðaði sjúkrahússmatinn. Um helgar fór ég heim með matræðnum þar sem ég lék mér við börnin hans. Þó svo að ég hafi verið heppinn að því leyti að hafa skjól yfir höfuðið þá var þetta auðvitað ekkert líf,“ segir Moses.

Þegar Moses var átta ára fékk hann nýtt heimili í SOS Barnþorpi. „Þar eignaðist ég allt í einu fullt af systkinum sem vildu leika við mig og svo var SOS mamma þarna sem réð en mér fannst mjög skrítið að kona gæti ráðið öllu,“ segir Moses og hlær. Ekki reiður

Hann segist hafa verið lengi að átta sig á því að þetta yrði heimili hans. „Ég bjóst alltaf við því að þau myndu loka dyrunum og ég þyrfti að fara aftur á sjúkrahúsið. Smám saman náði mamma að sannfæra mig um að hún væri ekki að fara neitt og ég gæti treyst henni. Koman í barnþorpið var það besta sem gat komið fyrir mig.“

En er Moses reiður líffræðilegri móður sinni fyrir að skilja hann eftir á sjúkrahúsinu? „Það sem hún gerði var rangt en hún hafði líklegast sínar ástæður. Stundum hugsa ég um hana og velti fyrir mér hvort hún sé á lífi. Ef ég myndi einn daginn hitta hana yrði ég ekki reiður. Hún gat farið í fóstureyðingu en gerði það ekki, hún gaf mér líf. Ég er sáttur við líf mitt í dag.“



Misskipting eitt stærsta vandamálið í Mexíkó

Í lok sjöunda áratugarins heimsótti forstöðumaður kvenna- og barnaathvarfs í Mexíkó, SOS Barnaþorp í Austurríki. Hann varð strax heillaður af fyrirkomulaginu og snéri til Mexíkó með áætlanir um byggingu svipaðs þorps, sem hann svo gerði. Í dag eru átta SOS Barnaþorp í Mexíkó, fjögur ungmennaheimili, einn grunnskóli, einn verknámsskóli og fimm samfélagsmiðstöðvar ásamt fjölskyldueflingarverkefnum. Um 600 áður munaðarlaus/yfirgefin börn búa nú í SOS Barnaþorpum eða á SOS ungmennaheimilum. Þá fá tæplega þúsund börn og fjölskyldur þeirra aðstoð hjá Fjölskyldueflingu samtakanna ásamt þeim sem sækja SOS skólana í landinu.

En hvernig er staðan í Mexíkó?

Mexíkó er staðsett í Norður-Ameríku og er af mörgum talið land öfga þar sem annars vegar má sjá verulega fátækt og hins vegar glæsihýsi og gróskumikla regnskóga. Höfuðborg landsins, Mexíkóborg, er ein fjölmennasta borg heims en þar búa rúmlega 20 milljónir manna. Alls búa 115 milljónir manna í Mexíkó og 80% þeirra búa í sveitum eða á dreifbýlum svæðum.

Vegna aukins eiturfjávanda í Mexíkó hefur öryggi íbúa minnkað undanfarin ár. Ofbeldisglæpum hefur fjölgað og þá sér í lagi nálægt landamærum þar sem verið er að flytja inn fólk og eiturflyf en þúsundum innflytjenda er rænt af eiturfjáhringum á hverju ári.

Mexíkó skorar yfirleitt ágætlega á listum yfir lífsgæði og kjör en það sem mælist ekki á slíkum listum er misskiptingin sem er afar stórt vandamál í Mexíkó. Tæpur helmingur íbúa landsins býr við fátækt og þúsundir manna búa á götunni en á sama tíma verða þeir ríku enn ríkari. Þá skiptast lífsgæðin einnig eftir landssvæðum þar sem íbúar suðurlandsins búa við verulega fátækt á meðan þeir á norðurlandinu hafa það betra.

Aðeins sex prósent íbúa eru ólæs að meðaltali en hlutfallið nær þó allt að 15% á fátækustu svæðunum. Á þeim svæðum er einnig algengt að helmingur kvenna sé ólæs. Hlutfall barna skráð í grunnskóla er nokkuð hátt í Mexíkó



Framndi Matur!

MEXÍKÓSK UPPSKRIFT

Kjúklingur í salsa

- 1 kíló kjúklingabringur
- 1 krukka af salsasósu
- 1 peli matreiðslurjómi
- 1 poki nachos flögur
- Rifinn ostur

Aðferð:

Skerið kjúklingabringurnar í bita og steikið í gegn. Hellið svo salsasósu og rjóma yfir og hitið, setjið í eldfast mót og myljið nachos flögur yfir og svo rifinn ost. Bakað í ofni í 20 mínútur við 180 gráður. Berið fram með hrísgrjónum og salati.

en þó eru þúsundir barna í landinu sem ekki ganga í skóla. Um er að ræða börn sem koma úr fátækum fjölskyldum sem og innflytjendum. Þá er lítið aðgengi að menntun á dreifbýlum svæðum og þurfa börnin því oft að ferðast langar vegalengdir til að komast í skóla.

Yfirvöld í Mexíkó hafa oftar en einu sinni verið gagnrýnd fyrir litlar upplýsingar um fjölda munaðarlausra barna sem og ástand þeirra. Hins vegar er áætlað að rúm ein og hálf milljón barna í Mexíkó sé munaðarlaus. Helstu ástæður fyrir munaðarleysi barna eru há dánartíðni kvenna í fæðingu, há tíðni HIV ásamt alvarlegu ofbeldi sem tengist eiturfjáhringum.



SÓLBLÓMALEIKSKÓLAR



SOS Barnaþorpin fóru af stað með nýtt verkefni fyrir rúmu ári síðan þar sem leikskólum landsins var boðið að gerast Sólblómaleikskólar. Um er að ræða verkefni að norskri fyrirmynd þar sem leikskólabörn fræðast um börn í öðrum löndum ásamt því að leggja sitt af mörkum til að gera heiminn að betri stað. Þá geta þau haldið Sólblómagleði ásamt því að eignast vin sem býr í SOS Barnaþorpi. Verkefninu hefur verið tekið afar vel og nú þegar hafa á milli 25 og 30 leikskólar skráð sig sem Sólblómaleikskóla.

Sólblómaleikskólar fá fjölbreytt fræðsluefni frá SOS Barnaþorpunum og í haust fengu þeir sendar fjórar stuttmyndir frá samtökunum sem eiga að nýtast í starfinu. Myndirnar eru frá fjórum upp í átta mínútur og fjalla allar um litla stúlku sem býr í SOS Barnaþorpi í Simbabve. Hver mynd hefur ákveðið þema, og fjallar þannig fyrsta myndin um leikskólann, önnur um vini, sú þriðja um markaðinn/búðina og sú fjórða um fjölskylduna.

Elísabet Eyjólfsdóttir er leikskólastjóri leikskólans Álfaheiði sem hefur styrkt SOS barn frá Argentínu í þrettán ár og hefur verið Sólblómaleikskóli frá því að verkefnið hófst. Við spurðum Elísabetu nokkurra spurninga um verkefnið.

Hvers vegna ákvað leikskólinn Álfaheiði að styrkja barn fyrir 13 árum?

Í byrjun var ákveðið að styrkja barn til betra lífs og töldum við það verðugt verkefni fyrir eldri börnin í leikskólanum til að láta gott af sér leiða. Fljótlega fengum við foreldra í lið með okkur og nú söfnum við öll fyrir framfærslu styrktarbarnsins. Við reynum að skapa börnunum verðug verkefni sem hvetur þau til að sýna í verki sína góðu eiginleika og það hefur svo sannarlega tekist vel til.

Hvað heitir styrktarbarnið ykkar, og hvað er það gamalt í dag?

Hann heitir Lucas og varð 16 ára þann 11. nóvember síðastliðinn. Lucas á heima í Argentínu og þorpið hans heitir Mar del Plata sem þýðir sléttan við hafið.

Hvernig hefur stuðningurinn gengið í gegnum árin? Fáíð þið reglulega myndir og upplýsingar um drenginn?

Við fáum bréf tvisvar á ári þar sem koma fram upplýsingar um hagi hans og einnig myndir af honum. Börnunum finnst mjög skemmtilegt að sjá myndir af Lucasi í afmælis- eða jólagjöfum sem þau hafa valið t.d. eftir gosið í Eyjafjallajökli sendum við honum bol með Eyjafjallajökli og fengum svo senda til baka mynd af honum í bolnum.

Hvernig kom það til að þið skráðuð ykkur sem Sólblómaleikskóla?

Starfsmenn SOS samtakanna hafa komið í heimsókn til að fræða börnin og þegar við heyrðum af þessu skemmtilega verkefni þá vildum við endilega vera með.

HORFA Á STUTTMYNDIR

Sólblómaleiksskólar fá tilbúið efni frá SOS Barnaþorpunum, til að mynda plaköt þar sem mismunandi lönd eru kynnt og saga ákveðinna barna í barnaþorpum sögð, stuttmyndir, sólblómafræ til að sá og margt fleira. Fræðsluefnið stuðlar að því að börnin á Sólblómaleiksskólum fræðast um börn í öðrum löndum, hvernig þau búa við aðrar aðstæður og hvernig aðstæðurnar eru sambærilegar. Börnin fræðast um önnur lönd og aðra menningarheima og læra hversu mikilvægt það er að bera virðingu fyrir öðrum þó svo að lífnaðarhættir og aðstæður séu öðruvísi en þau þekkja í sínu umhverfi.

Myndir þú mæla með að leiksskólar gerðust Sólblómaleiksskólar?

Já, hiklaust. Mér finnst að allir skólar ættu að sinna einhverskonar hjálparstarfi. Við teljum að börn sem alast upp við að þeirra framlag og kærleikur skiptir máli verði umburðarlyndari og ábyrgari þjóðfélagsþegnar. Sólblómaleiksskólaverkefnið fléttast inn í alla þætti menntunar og veitir börnunum og okkur starfsfólkinu innsýn í ólíka menningarheima og lífnaðarhætti.

Hvaða áhrif hefur verkefnið, og stuðningurinn við styrktarbarnið, á leiksskólabörnin?

Börnin tala um Lucas sem vin sinn og það kemur fyrir að þau gefi pening sem þau hafa sjálf fengið í afmælisgjöf. Þegar við fjöllum um greinar Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem snúa að rétti allra barna til að eiga nafn, fjölskyldu og heimili fjöllum við um Lucas í leiðinni. Ekki eru allar fjölskyldur eins og þó svo að Lucas alist ekki upp hjá foreldrum sínum þá er hann svo heppinn að eiga SOS móður sem hugsar mjög vel um hann.

Hvernig vinnið þið með verkefnið?

Ár hvert er haldið upp á afmæli Lucasar, börnin baka smákökur, foreldrum er boðið í afmælisboð og í leiðinni safnað fyrir framfærslu hans. Það eru stolt börn sem fara eftir afmælið með fjárhæðina sem safnaðist til SOS samtakanna í Hamraborg í Kópavogi sem taka ávallt vel á móti barnahópnum. Elstu börn leiksskólans hafa það hlutverk að sjá um að velja afmælis- og jólagjafir fyrir Lucas og útbúa kort fyrir hann. Einnig fara þau á pósthúsið með gjafirnar og fylgjast með í tölvunni í leiksskólanum hvar pakkinn er staddur hverju sinni.

Nýttist efnið sem þið hafið fengið frá SOS Barnaþorpunum við leiksskólastarfið? Hvernig þá?

Efnið sem við höfum fengið frá SOS samtökunum nýttist okkur mjög vel. Meðal annars fengum við nýlega geisladisk með fjórum myndböndum sem fjalla öll um stúlku sem býr í SOS Barnaþorpi í Afríku. Með hverri mynd er svo lítið plakat með spurningum og afþreyingu sem tengjast efni myndarinnar. Hver mynd/plakat er með þema, en þemun eru bestu vinir, fjölskyldan, á markaðnum og á leiksskólanum. Efnið er allt unnið með því markmiði að börnin kynnist og geti rætt um ólíka menningarheima og við fáum svo sannarlega að sjá öðruvísi menningu í myndunum.

Eitthvað að lokum?

Að styrkja framfærslu eins barns virðist ekki mikið en eins og máltækið segir, gerir margt smátt eitt stórt.



Seldu sultu til styrktar SOS

Þær Auður, Kolfinna, Ágústa og Sigríður komu færandi hendi á skrifstofu SOS Barnaþorpanna í lok september.

Stöllurnar tóku upp á því að týna ber og útbúa sultu sem var síðan sett í krukkur. Þá gengu stelpurnar í hús í Kópavoginum og seldu sultu til styrktar SOS.

Vinkonurnar voru sammála um að ágóðinn ætti að renna til flóttabarna en alls söfnuðust tæpar 8.700 krónur.

Frábærar stúlkur hér á ferð!

SOS BARNAPÖRPIN

Óska þér og þínum gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári.

Með þökk fyrir stuðninginn á árinu
sem er að líða!



SOS
BARNAPÖRPIN
Öll börn vilja gott heimili

